

## Fundargerð

### 230. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 4. október 2016 kl. 12<sup>15</sup>–13<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Glerumbúðir
- (3) Rekstur vöruflokka
- (4) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (229. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Glerumbúðir

Framhaldið var umræðu um meðhöndlun á glerumbúðum frá síðasta fundi stjórnar ÚS. GGÞ upplýsti stjórnarmenn um samtali er hann átti við starfsmann UAR um þróun mála er varðar glerumbúðir og þær umræður sem fram hafa farið í stjórninni á undanförunum misserum. Stjórn ræddi málin áfram. LG upplýsti að verkefnastjórn um úrgangsmál hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafi rætt endurnýtingu og endurvinnslu á glerumbúðum, en engin niðurstaða sé komin. Hann sagði frá söfnun Reykjavíkurborgar á glerumbúðum á grenndarstöðvum. Stjórn ræddi kostnað við endurvinnslu glerumbúða samanbórið við endurnýtingu og þann umhverfislegan ávinning sem næst. ÓK minnti á að niðurstöður lífsferilsgreiningar vegna meðhöndlunar glerumbúða er Efla vann fyrir ÚS og Endurvinnsluna og er birt á vef ÚS. ÓK fór yfir það að nú þegar væri kostnaður til komin vegna meðhöndlunar á glerumbúðum t.d. hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Ætlunin er að ná glerumbúðum út úr úrgangsstraumnum, þar sem stefnt er að jarðgerð á heimilisúrgangi hjá Sorpu á næstu árum. GGÞ telur miðað við viðbrögð UAR og stjórnarmanna ÚS að málið verði tekið af dagskrá að svo stöddu.

UAR boðaði fulltrúa Endurvinnslunnar og Úrvinnslusjóðs á fund í síðustu viku en báðir aðilar tilheyrja sama málefnaflakki (meðhöndlun úrgangs) hjá ráðuneytinu. Á fundinum var gerð tilraun til að draga fram sterkar og veikar hlíðar málaflakksins og ógnanir og tækifæri. Fundurinn er



liður í stefnumótun ráðuneytisins vegna fjármálaáætlunar ríkisins 2018 – 2022. Ók fór yfir helstu niðurstöður SVÓT greiningar og lagði fram minnispunkta.

### 3. Rekstur vörufokka

Lagt var fram á fundinum yfirlit um rekstur vöruflokka janúar – ágúst 2016. ÓK fór yfir helstu rekstrarniðurstöður.

### 4. Önnur mál

ÓK sagði frá stöðu mála vegna útgáfu ársskýrslu fyrir árin 2014 og 2015. GGP ræddi væntanlegan ársfund. Stefnt er að halda hann 3. nóvember n.k.

BS ræddi um flokkun spilliefna frá heimilum. Óskaði hún eftir að fá upplýsingar um árangur á breyttu fyrirkomulagi við meðhöndlun og flokkun á móttökustöðvum Sorpu og eyðingu spilliefnanna í framhaldi.

Næsti fundur ákveðinn 18. október 2016.

Fundi slitið kl 13:30

Gudm. Þ. Þórunnsson  
Byggingarstjórn  
Lúðvík E. Guðjónsson  
Kvæðinnur Ljónsson